

2.3.2017

Undirritaður styður heilshugar tillögu til þingsályktunar um sálfræðiþjónustu í framhaldsskólum.

Í ljósi þess að æ fleiri nemendur hætta í námi vegna andlegrar vanlíðanar tel ég nauðsynlegt að unnt sé að bjóða upp á sálfræðiþjónustu í framhaldsskólum. Aukinn fjöldi nemenda á í umtalsverðum erfiðleikum vegna kvíða, sem getur sett þá algjörlega út af laginu í námi sínu. Annir námsráðgjafa hafa aukist mjög í framhaldsskólum undanfarin ár – og mikill tími þeirra fer í að ræða við nemendur sem koma til þeirra vegna vanlíðanar og kvíðaraskana. Þá er þunglyndi á meðal framhaldsskólanema einnig vaxandi vandi. Því tel ég brýnt að unnt verði að bjóða upp á sálfræðiþjónustu í skólunum. Væri þá nemendum vísað til sálfræðings af námsráðgjafa.

Með góðri kveðju,

Hjalti Jón Sveinsson, skólameistari Kvennaskólans í Reykjavík